



ÁRSSKÝRSLA SKÓLAÁRIÐ 2015-2016

LEIKSKÓLINN JÖTUNHEIMAR



JÚLÍANA TYRFINGSDÓTTIR
LEIKSKÓLASTJÓRI

EFNISYFIRLIT

1. Almennar upplýsingar.....	3
1.1 Leikskóli (húsnæði, lóð, leikrými pr.barn, heildarrými ofl.)	3
1.2 Breytingar og viðhald	3
2. Starfsgrundvöllur.....	4
2.1 Áherslur og markmið.	4
2.2. Mat á skólastarfinu, framkvæmd og niðurstöður.	4
2.2.1 Umbótaáætlun	4
2.3. Skipulag (dagskipulag, þemavinna).....	5
3. Yfirlit yfir starfið á skólaárinu 2015-2016.....	5
3.1. Framkvæmd starfsáætlunar.	5
4. Starfsmenn.....	5
4.1 Fjöldi starfsfólks og menntun. Breytingar á starfsliði (starfsmannavelta) – ástæður og afleiðingar	5
4.2 Fundir (morgun-, deildar-, deildarstjóra-, fag- og samráðsfundir)	6
4.3 Skipulags- og námskeiðsdagar, endur- og símenntun.....	6
5. Börn.....	7
5.1 Fjöldi barna (aldur, árgangar, barngildi, dvalartímar)	7
5.2 Börn sem njóta sérkennslu	8
6. Foreldrasamstarf.....	8
6.1 Markmið og áherslur í foreldrasamstarfi	8
6.2 Foreldrafundir, foreldrafræðsla.....	8
6.3 Foreldraviðtöl.....	8
6.4 Fréttabréf	8
6.5 Foreldrafélag	8
6.6 Foreldraráð	9
7. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf.....	9
7.1. Samstarf við skólaþjónustu	9
7.2 Samstarf við grunnskóla	9
7.3 Samstarf við háskólana	9
7.4 Annað samstarf	9
8. Lokaorð.....	10
Fylgiskjöl.....	11

Leikskólinn Jötunheimar

Heimilisfang: Norðurhólar 3, 800 Selfoss

Aðalsímanúmer: 480-6370

Netfang: jotunheimar@arborg.is

Heimasíða: <http://jotunheimar.arborg.is/>

Opnunartími leikskólans: 7:45-16:30

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

1.1 Leikskóli (húsnæði, lóð, leikrými pr.barn, heildarrými ofl.)

Leikskólinn Jötunheimar hóf starfsemi sína 8. september 2008 með sameiningu leikskólanna Glaðheima og Ásheima í nýju húsnæði við Norðurhóla 3. Húsnæðið er 980m² og þar geta 135 börn dvalist í einu.

Húsnæði og búnaður leikskólans er sniðinn að þörfum barna og starfsmanna og því starfi sem þar fer fram. Leikskólinn er 6 deilda, þrjár deildir yngri barna og þrjár deildir eldri barna. Deildum og öðrum vistarverum voru gefin nöfn gamalla húsa í sveitarfélaginu Árborg. Innan dyra hefur hver deild þrjár stofur og geymslu til umráða og þar er öllu komið fyrir þannig að börnin hafi gott aðgengi að leikföngum og leikefniviði. Húsgögn eru í lágmarki og ekki látin taka of mikið rými svo gott pláss er til leikja á gólfi. Stór salur er í húsinu og skiptist notkun hans milli deilda. Þar fer fram skipulögð hreyfing og er hann einnig notaður fyrir ýmsar uppákomur eins og leiksýningar, jólaball, myndlistarsýningar, fundi og fleira.

Efniviður til leikja er fjölbreyttur og samanstendur af leikföngum og endurnýtanlegu efni sem hægt er að umbreyta í það sem hugmyndir barna og starfsfólks gefa kost á hverju sinni.

Lóð leikskólans er stór og býður upp á marga möguleika í leik og starfi. Umhverfi leikskólans býður upp á góðar gönguleiðir og í næsta nágrenni skólans er skógur þar sem hægt er að fara í vettvangsferðir.

1.2 Breytingar og viðhald

Klæða þurfti hluta af húsnæði leikskólans með nýrri klæðningu þar sem ítrekað hafði verið reynt að laga leka. Ákveðið hefur verið að endurnýja alla klæðninguna á húsnæðinu þar sem flísar eru gjarnan brotnar og lagerinn á þeim að klárast. Að öðru leiti hefur eðlilegu viðhaldi verið sinnt.

Tvær körfurólur eru á lóð leikskólans. Skipt var um körfu í annarri þeirra þar sem hún var orðin slitin. Ákveðið hefur verið að breyta hinni í hefðbundnar rólur.

Á vormánuðum var bílastæðum ætluð fötluðum sem eru fyrir miðju hússins breytt í skammtímastæði. Hægt var að gera þetta því búið var að gera stæði ætlað fötluðum við vestur enda hússins og áætlað er að gera annað við austurenda hússins í upphafi næsta skólaárs. Mikilvægt er af þessum sökum að huga að fjölgun bílastæða við Jötunheima. Margar kvartanir hafa komið fram í vetur frá foreldrum og starfsmönnum leikskólans um að aðgengi, sérstaklega yfir vetrarmánuðina, er ekki gott. Við leggjum til að grasbali fyrir austan leikskólans verði gert að malarplani og að starfsmenn leikskólans leggi þar.

Í vetur tók bæjarstjórn ákvörðun um að breyta opnunartíma leikskólanna. Þann 1.febrúar 2016 varð opnunartími leikskólans frá klukkan 7:45-16:30.

2. STARFSGRUNDVÖLLUR

2.1 Áherslur og markmið.

Skólastarf Jötunheima byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008 með breytingum sem tóku gildi 8. apríl 2009 og Aðalnámskrá leikskóla sem gefin var út í febrúar 2011. Aðalnámskráin er stefnumótandi leiðarvísir um starf leikskóla og hver skóli markar sér sína leið að markmiðum hennar með gerð skólanámskrár. Í júní 2015 kom út ný skólanámskrá Jötunheima þar sem fram koma áherslur og sérstaða í starfinu. Í Jötunheimum er áhersla lögð á leikinn sem námsleið barnsins. Kjörorð leikskólans eru LEIKURINN Á VÍSDÓM VEIT og var það ákveðið á skipulagsdegi í febrúar á þessu ári af öllu starfsfólki leikskólans. Allt daglegt starf leikskólans miðast við að kenna námsþættina í gegnum leik. Í gegnum leikinn læra ung börn best með því að fá að prófa sig áfram og þróast og þroskast á eigin forsendum undir leiðsögn kennara.

2.2. Mat á skólastarfinu, framkvæmd og niðurstöður.

Mat á starfi skólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og á þeim dögum er endur- og símenntun starfsmanna jafnframt sinnt.

Skólapúlsinn lagði fyrir starfsmannakönnun á skólaárinu og unnu starfsmenn leikskólans úr þeim niðurstöðum á síðasta starfsdegi skólaársins. Umbótaáætlun var unnin í kjölfar og verður henni gerð nánari skil hér að neðan.

2.2.1 Umbótaáætlun

Heildarniðurstöður úr starfsmannakönnun Skólapúlsins er sú að unnið er faglegt og gott starf í Jötunheimum. Umbótaáætlun í heild sinni má finna á heimasíðu leikskólans en hér verður fjallað um örfá atriði sem okkur þótti vert að taka út.

Í dag er fjöldi fagmenntaðra í Jötunheimum 54% og við höfum hug á að fjölga þeim í 2/3 eins og segir í lögum um leikskóla á næstu 10 árum. Þetta ætlum við að gera með því að hvetja starfsfólk til náms. Einnig munum við halda áfram lestri á grunnheftum aðalnámskrár leikskóla og með því auka fagþekkingu allra starfsmanna. Það kemur til með að skila sér í auknum gæðum í skólastarfi og áframhaldandi jákvæðu viðhorfi starfsmanna til leikskólans. Mikilvægur liður í starfsþróun er að allir sem eiga kjarasamningsbundinn undirbúningstíma fái hann og við leggjum metnað okkar í að hann falli ekki niður. Hver deildarstjóri skipuleggur starf deildarinnar með það í huga að aðrir starfsmenn fái svigrúm til undirbúnings og lestrar á fræðsluefni.

Könnunin leiddi í ljós að við erum yfir landsmeðaltali hvað fjarvistir starfsmanna varðar. Á næsta skólaári verður leitað leiða til að fækka þeim og verður það meðal annars gert með aukinni áherslu á heilbrigði og velferð í skólastarfinu. Við viljum að öllum líði vel í vinnunni og leggjum áherslu á að opin og heiðarleg samskipti ríki á vinnustaðnum.

2.3. Skipulag (dagskipulag, þemavinna)

Á skóladagatali sem er í viðhengi koma fram viðburðir ársins og á heimasíðu hverrar deildar var birt dagskipulag vetrarins.

Leikskólinn opnar 7:45 og boðið er upp á morgunmat frá 8-9:30. Eftir þann tíma hefst skipulagt starf. Hádegisverður er framreiddur frá 11:15-12:30. Eftir hádegi tekur við hvíld hjá yngri börnum. Skipulagt starf heldur áfram eftir hádegi og fram að síðdegishressingu sem er um klukkan 15:00. Börnin leika sér þar til þau fara heim en eftir klukkan 16:15 er sameinast á tvær deildir til klukkan 16:30.

3. Yfirlit yfir starfið á skólaárinu 2015-2016

3.1. Framkvæmd starfsáætlunar.

Á vormánuðum 2015 fengu allar deildir óútfyllt leikskóladagatal. Starfsfólk og börn fengu það verkefni að koma með tillögur að viðburðum fyrir næsta skólaár. Deildarstjórar komu því næst með dagatölin á deildarstjórafund þar sem leikskóladagatalið var útbúið. Þar koma fram ýmsir viðburðir og uppákomur sem voru á dagskrá hjá okkur í vetur.

Í starfsáætluninni lögðu deildirnar áherslu á læsi og lýðræði. Í vetur hafa allir starfsmenn leikskólans lesið grunnhefti aðalnámskrár leikskóla um lýðræði. Ásamt læsinu og lýðræðinu var mikil áhersla lögð á leikinn, skapandi starf og hreyfingu.

Starfsmenn voru sammála um það að allir lesi sama efnið á sama tíma skili góðum umræðum um starfið og í kjölfar breytingum í jákvæða átt. Með því að leggja lesefnið inn jafnt og þétt yfir skólaárið þá verður lesefnið ekki yfirþyrmandi mikið og starfsfólk tengir jafnóðum við starfið. Einhugur var um að lýðræði snúist ekki um það að fá að ráða heldur hafa rödd, hún fái að heyrast og að hópurinn komist að sameiginlegri niðurstöðu. Þessa hugsun ætlum við að taka áfram inn í næsta skólaár.

4. Starfsmenn

4.1 Fjöldi starfsfólks og menntun. Breytingar á starfsliði (starfsmannavelta) – ástæður og afleiðingar

Í vetur voru 45 manns starfandi í Jötunheimum í mismunandi stöðum og stöðuhlutföllum og verður þeim gerð skil hér.

Ráðið var í tvær stöður deildarstjóra frá 1. ágúst 2015, það eru þær Anna Þóra Guðmundsdóttir og Ingunn Helgadóttir.

Stjórnunarteymi Jötunheima skipa leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og sex deildarstjórar. Fyrir utan stjórnunarteymið starfa 29 manns í mismunandi stöðuhlutföllum. Þrír starfa við eldhússtörf og fjórir við ræstingu. Í

Jötunheimum starfa 17 leikskólakennarar, þrír framhaldsskólakennarar, tveir þroskaþjálfar og einn íþróttakennari. Töluverður stöðugleiki einkennir starfsmannahóp Jötunheima og ánægjulegt er að sjá fjölgun þeirra sem hafa áhuga á að sækja sér menntun á sviði leikskólafræða.

Í vetur voru tveir starfsmenn í leikskólakennaranámi og tveir í meistaranámi í menntunarfræðum. Tveir kennarar voru í framhaldsnámi í leikskólakennarafræðum sem gefur þeim leyfisbréf sem leikskólakennari eftir útskrift. Þessir sex starfsmenn þurftu að mæta í háskólana í staðlotur á vinnutíma. Fjórir starfsmenn voru í leikskólaliðanámi sem er stundað utan vinnutíma starfsmanna. Um áramót fékk einn starfsmaður leyfisbréf sem leikskólakennari og þrír starfsmenn brautskráðust sem leikskólaliðar frá Fræðsluneti Suðurlands í júní. Það sést á þessum tölum að mikill áhugi er fyrir þróun og framsækni í starfsmannahópnum og er það mjög jákvætt. Starfsmenn eru mannauður leikskólans og honum ber að hlúa að, hvetja og styrkja. Það er trú okkar að með áframhaldandi hvatningu að þá fjölgi leikskólakennurum í Jötunheimum.

4.2 Fundir (morgun-, deildar-, deildarstjóra-, fag- og samráðsfundir)

Morgunfundir eru haldnir klukkan 8:15 á hverjum morgni og er miðað við að þeir séu ekki lengur en fimm mínútur. Þar er farið yfir stöðuna í húsinu og línur lagðar fyrir daginn. Starfsmenn voru sammála því að þeir hafi betri tilfinningu fyrir húsinu með því að hafa þessa fundi og stjórnendur finna einnig fyrir meiri yfirsýn starfsfólks yfir húsið í heild. Mjög mikilvægt er samt að passa tímastjórnun og að hafa fundina hnitmiðaða og stutta.

Í vetur hefur hver deild fengið deildarfund í hálf tíma einu sinni í viku. Það hefur reynst starfi leikskólans vel að funda einu sinni í viku því það skilar markvissri og faglegri vinnu.

Deildarstjórafundir voru einu sinni í viku á þriðjudögum kl 13:00-14:00. Á þeim fundum sitja aðilar stjórnunarteymisins og fara yfir starf leikskólans. Deildarstjórar voru sammála því að fundirnir gengju vel, væru hnitmiðaðir og að þær ákvarðanir sem teknar eru sé fylgt eftir.

Deildarstjórar yngri deilda hittust á u.þ.b. þriggja vikna fresti á örfundi. Þar var unnið að því að þróa kennsluefni sem hentar yngri börnum.

Ekki var hægt að halda fagfundi á skólatíma í vetur vegna anna og starfsmannahalds.

4.3 Skipulags- og námskeiðsdagar, endur- og símenntun.

Fjórir skipulagsdagar voru á skólaárinu. Sá fyrsti var 21. ágúst frá klukkan 8:00-16:00 og var hann nýttur til að fara yfir komandi skólaár og gera starfsáætlun, fyrirlestrar og kynningar. 18. janúar frá klukkan 8:00 – 12:00 fengu allir starfsmenn skyndihjálparnámskeið á vegum RKÍ og frá klukkan 12:00 – 16:00 var hugað að starfi leikskólans. 24. febrúar frá klukkan 8:00 – 16:00 var farið yfir starf leikskólans, hópavinna um lýðræði og fyrirlestur um lýðræði frá leikskólanum Dal. 9. júní var síðasti

skipulagsdagur skólaársins og var hann notaður til að endurmeta skólaárið og gera drög að starfsáætlun næsta árs og var það einnig heill dagur eins og fyrri starfsdagar.

Haustþing 8. deildar FL og FSL var haldið 2. október í Hótel Selfoss og stóð öllum starfsmönnum til boða að fara þangað og hlusta á fjölbreytta fyrirlestra.

Skóladagur Árborgar var haldinn í fyrsta skipti 27. apríl. Þá komu allir starfsmenn leik- og grunnskóla Árborgar saman á Stokkseyri og sóttu sér endurmenntun í formi fyrirlestra. Mikil ánægja var með þennan dag í heild sinni og einlæg ósk að hægt verði að festa hann í sessi. Þannig erum við að styrkja fagmennsku skólanna í Árborg og stuðla að auknu samstarfi á milli skólastiga.

Á skólaárinu sóttu margir kennarar sér endurmenntun í formi fjölbreyttra námskeiða og fyrirlestra. Sótt var um styrk hjá Erasmus+ til að sitja námskeið sem haldið var í Portúgal. Styrkumsókn var samþykkt og tveir starfsmenn sátu námskeið sem fjallaði um verkefnastjórn í þróunarverkefnum innan Erasmus+.

Í ágúst 2015 var haldin ráðstefnan *Málið á flug með Lubba* á Grand hóteli í Reykjavík. Tveir leikskólakennarar í Jötunheimum héldu fyrirlestur um hvernig unnið er með Lubbanámsefnið hjá okkur og stóðu sig með mikilli þryði. Þær sýndu í máli og myndum hvernig notkun námsefnisins hefur þróast á þeim árum sem það hefur verið notað hér. Eftir námskeiðið fékk Jötunheimar hvatningarverðlaun Lubba. Í verðlaun fékk leikskólinn allar hljóðasmíðjur Lubba sem gefnar voru út í byrjun ársins. Í kjölfar ráðstefnunnar hafa þær verið fengnar til að halda fyrirlestra um skólastarfið okkar á starfsdögum annarra skóla.

Við erum afskaplega stolt af því starfi sem unnið er í leikskólanum á sviði málörvunar og læsis sem og öllum öðrum þáttum skólastarfsins.

5. Börn

5.1 Fjöldi barna (aldur, árgangar, barngildi, dvalartímar)

Fjöldi barna í leikskólanum haustið 2015 er 131

Aldursskipting er þannig:

- Börn fædd 2010 eru 29
- Börn fædd 2011 eru 40
- Börn fædd 2012 eru 29
- Börn fædd 2013 eru 25
- Börn fædd 2014 eru 8

Dvalartími	Fj. barna
4 tímar	1
5 tímar	5
6 tímar	3
7 tímar	14
8 tímar	62
9 tímar	46

5.2 Börn sem njóta sérkennslu

Börn sem falla undir viðmið sem lúta að sérkennslu fengu hana hjá sérkennslustjóra í litlum hópum í viðbót við það starf sem unnið er á deildum.

Öll börn í elsta árgangi voru prófuð í Hljóm-2 og þau sem komu slök út fengu auka tíma í þjálfun.

Börn með fatlanir í leikskólanum fengu þann stuðning sem þau eiga rétt á. Sérkennslustjóri hélt utan um teymisfundi, einstaklingsnámsskrár og annað sem snýr að sérkennslumálum í leikskólanum.

6. Foreldrasamstarf

6.1 Markmið og áherslur í foreldrasamstarfi

Markmið okkar er að foreldrum finnist þeir velkomnir í leikskólann. Við leggjum áherslu á gott samstarf og gagnvirkt upplýsingastreymi. Við lítum svo á að það sé börnunum fyrir bestu að við gefum sem mestar upplýsingar og þær komi einnig frá foreldrum. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi þess að málin séu rædd jafnóðum ef eitthvað kemur upp á.

Á skólaárinu voru nokkrir viðburðir þar sem foreldrum var boðið að taka þátt í. Þar má meðal annars nefna foreldrakaffi í desember, jólaballið og vorhátíð.

6.2 Foreldrafundir, foreldrafræðsla

Kynningarfundir fyrir foreldra voru 22., 23. og 24. september á eldri deildum og 29. og 30. september og 1. október á yngri deildum.

6.3 Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl fóru fram á vorönn.

6.4 Fréttabréf

Fréttabréf var gefið út fjórum sinnum á skólaárinu, í september, desember, apríl og júní. Fréttir voru að öðru leiti settar á heimasíðu leikskólans, jotunheimar.arborg.is.

6.5 Foreldrafélag

Allir foreldrar leikskólabarnanna gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi. Foreldrafélagið bauð upp á jólaleiksýningu fyrir börnin, vasaljósaferð í desember, gjöf til útskriftarnemenda og fengu Sirkus Íslands til að skemmta börnunum í júní. Gott samstarf er milli foreldrafélags og leikskólans.

6.6 Foreldraráð

Foreldraráð er starfrækt í leikskólanum. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Góð samvinna var við foreldraráðið.

7. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

7.1. Samstarf við skólaþjónustu

Við höfum átt í góðum samskiptum við Skólaþjónustu Árborgar í vetur. Þar gátum við nýtt okkur sérkennsluráðgjafa, talmeinafræðing, sálfræðing og kennsluráðgjafa. Í boði voru nokkrir fræðslufundir sem starfsfólk okkar var duglegt að nýta sér.

7.2 Samstarf við grunnskóla

Nemendur fyrsta bekkjar beggja grunnskólanna á Selfossi komu í tvær heimsóknir í Jötunheima á haustönn. Á vorönn fórum við í heimsókn í báða skólana þar sem börnin fengu kynningu á skólunum. Vorskóli var í báðum grunnskólum á Selfossi í apríl í tvo daga í senn. Gert hefur verið endurmat á samstarfi leik- og grunnskóla sem mun nýtast í áframhaldandi samvinnu. Í júnímánuði var skilafundur milli leik- og grunnskólans þar sem gögnum væntanlegra nemenda var skilað í grunnskólann.

7.3 Samstarf við háskólana

Á haustönn vorum við með tvo nema í vettvangsnámi frá HÍ í eina viku. Þetta voru nemar á 1.misseri í leikskólakennarafræðum í áfanga sem heitir Leikskólafræði 1 – Leikskólinn sem menntastofnun. Á vorönninni fengum við tvo aðra nema sem dvöldu hjá okkur í þrjár vikur. Það var liður í áfanganum Leikskólafræði 2 – Leikur, samskipti og skráning.

7.4 Annað samstarf

Þar sem leikskólinn hefur lagt mikla áherslu á að þróa kennsluefnið Lubbi finnur málbein hefur myndast góð viðkynning við höfund efnisins. Þetta samstarf leiddi til þess að KrakkaRúv kom í heimsókn og tók upp efni fyrir þáttinn sinn. Við vorum stoltir fulltrúar hljóðsins J.

8. Lokaorð

Skólaárið 2015-2016 var í senn viðburðaríkt og skemmtilegt. Það einkenndist af fagmennsku og þrótti sem skilar sér í öflugu leikskólastarfi. Við munum halda áfram að þróa það góða starf sem nú þegar á sér stað hér í Jötunheimum og stefnum að sjálfsögðu áfram og lengra. Hnikum við þó ekki frá því að halda leiknum sem kennsluaðferð hátt á lofti því *leikurinn á vísdom veit*.

Selfoss, 12. ágúst 2016

Júlíana Tyrfingsdóttir
Leikskólastjóri

FYLGISKJÖL

Skóladagatal Jötunheima

Samband íslenskra
svéitarfélaga

Leikskóladagatal 2015 - 2016

Nafn leikskóla:

Jötunheimar

Ódagsettir viðburðir á skólalínun:
í júní - íþróttadagur (yngri deildir fyrir hádegi og eldri deildir eftir hádegi)
í júní - Grillhátíð (nánar auglýst síðar)

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MÁI		JÚNÍ		JÚLÍ		
1 L		1 Þ		1 F	Kynningartundur Merklund	1 S		1 Þ	Fúlvéldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M		1 Þ		1 F		1 S	Verta/Þósdagurinn	1 M		1 F		
2 S		2 M		2 F	Hautsting - Lokab	2 M		2 M		2 L		2 Þ	Bækerhádegismatur	2 M		2 L		2 M	Myndlistasýning Jötunheima opnar 2-13maí	2 F		2 L		
3 M	Þriðdagur verslunarinnar	3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 F		3 S		3 Þ	Bækerakaffi	3 F		3 S		
4 Þ	Gumartí	4 F		4 S		4 M		4 F		4 M		4 F		4 F		4 M		4 M		4 L		4 M		
5 M	Leikskólinn opnar	5 L		5 M		5 F		5 L		5 Þ		5 F	Dagur leikskólans Ópið hús	5 S		5 Þ		5 F	Úppistgiringardagur	5 S	Sönnundagurinn	5 Þ		
6 F		6 S		6 Þ		6 F		6 S		6 M	Þrettándinn	6 L	Dagur leikskólans	6 S		6 M		6 F		6 M		6 M		
7 F		7 M		7 M		7 L		7 M		7 F		7 S		7 M		7 F	Kjökladagur	7 L		7 Þ		7 F		
8 L		8 Þ	Afmæli Jötunheima Dagur lesis	8 F		8 S	Baráttudagur gegn einliði	8 Þ		8 F		8 M		8 M	Bolludagur	8 Þ	Þremmtun - Aðaból	8 F		8 S		8 M	Höladagur 	8 F
9 S		9 M		9 F		9 M		9 M		9 L		9 Þ	Sprengidagur	9 M	Þremmtun - Merklund	9 L		9 M		9 F	Starfsdagur - Lokab	9 L		
10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F	Þekktur dagur í Föðurskifti & Öskunum í sánum	10 S		10 M	Öskudagur	10 F	Þremmtun - Föðurskifti	10 S		10 Þ		10 F		10 S		
11 Þ		11 F		11 S		11 M		11 F		11 M		11 F		11 F		11 M		11 M	Höladagur 	11 L		11 M		
12 M		12 L		12 M		12 F		12 L		12 Þ	Önnustund 	12 F		12 L		12 Þ	Bumadagur 	12 F		12 S		12 Þ		
13 F		13 S		13 Þ	Bækeramorgunnatur	13 F		13 S		13 M		13 L		13 S		13 M		13 F		13 M		13 M		
14 F		14 M		14 M		14 L		14 M		14 F		14 S		14 M		14 F	Blár dagur - söngstund í sánum	14 L		14 Þ		14 F		
15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 Þ		15 F		15 M		15 M		15 Þ	Þremmtun - Fagurberði	15 F		15 S	Hvítasunnudagur	15 M		15 F
16 S		16 M	Dagur íslenskra leikföngudagur/Kjönnunugdagur í sánum	16 F	Bekur dagur - söngstund í sánum	16 M	Dagur íslenskra leikföngudagur/Kjönnunugdagur í sánum	16 M		16 L		16 Þ		16 M	Þremmtun - Sölbaki	16 L		16 M	Annar í Hvítasunnu	16 F		16 L		
17 M		17 F		17 L		17 Þ		17 F	Litlu jólin 	17 S		17 M		17 F	Þremmtun - Sannuhvél	17 S		17 Þ		17 F	Lýðveldisdagurinn	17 S		
18 Þ		18 F	Barnabókahátíð	18 S		18 M	Barnadagur	18 F		18 M	Starfsdagur - Lokab	18 F		18 F		18 M		18 M		18 L		18 M		
19 M		19 L	Barnabókahátíð	19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 S	Önnu og gífurdagur	19 L		19 M		19 F		19 S		19 Þ		
20 F		20 S		20 Þ		20 F		20 S		20 M		20 L		20 S	Þámasunnudagur	20 M		20 F		20 M		20 M		
21 F	Starfsdagur - Lokab	21 M		21 M		21 L		21 M		21 F		21 S	Konudagur	21 M		21 F	Bumadagurinn fyrsti	21 L		21 Þ		21 F		
22 L		22 Þ	Kynningartundur Sölbaki	22 F		22 S		22 Þ		22 F		22 M		22 M		22 F		22 S		22 M		22 F		
23 S		23 M	Kynningartundur Sannuhvél	23 F		23 M	Þorlaksmessa	23 L		23 Þ		23 M		23 M	Bekur dagur - söngstund í sánum	23 L		23 M		23 F		23 L		
24 M		24 F	Kynningartundur Fagurberði	24 L		24 Þ		24 F	Aftangadagur jóla	24 S		24 M	Starfsdagur - Lokab	24 F	Þriðdagur	24 S		24 Þ		24 F		24 S		
25 Þ		25 M		25 S	Gleðivika 	25 F		25 M		25 L		25 F		25 F	Fjóstudagurinn langi	25 M		25 M		25 L		25 M		
26 M		26 L		26 M	Druslufft og andlitsmál	26 F		26 L	Annar í Jólin	26 Þ		26 F		26 L		26 Þ		26 F	Útskriftartíð 	26 S		26 Þ		
27 F		27 S		27 Þ	Bangsadagur	27 F		27 S		27 M		27 L		27 S	Þakadagur	27 M		27 F	Bunninn skólagagninn Lokab	27 F		27 M		
28 F		28 M		28 L	Bál í sánum	28 L		28 M		28 F	Þorlaksdagsdagur - söngstund í sánum	28 S		28 M	Annar í Þakum	28 F		28 L		28 Þ		28 F		
29 L		29 Þ	Kynningartundur Aðaból	29 F	Óskiptisdagurinn	29 S		29 Þ		29 F		29 M		29 Þ		29 F		29 S		29 M		29 F		
30 S		30 M	Kynningartundur Föðurskifti	30 F	Rugldagur	30 M	Bæturvikla	30 M		30 L		30 S		30 M		30 L		30 M		30 F		30 L		
31 M				31 L		31 F		31 F	Barnadagur	31 S				31 F		31 L		31 Þ				31 S		